



Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2009

Haldinn að Jaðri 10. Desember kl 20:00

Halldór Rafnsson setti fundinn og bauð félagar velkomna. Minntist hann síðan félagar sem létust á árinu.

Dagskrá fundarins var:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns
3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.
7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál

1. Fundarstjóri var kosinn Kristinn Svanbergsson og ritari Gunnar Vigfússon.

2. Halldór Rafnson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar.

3. Gunnar Vigfússon tók næst til máls og lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins í fjarveru, gjaldkera klúbbsins, Arnars Árnasonar. Þar kom fram að rekstrartekjur ársins 2009 voru 70.425.738, en rekstrargjöld 64.175.365. Hagnaður var því 6.250.373 kr án fjármagnsliða. Eftir að hafa tekið tillit til fjármunatekna, fjármagnsgjalda, óreglulegar tekjur og (gjöld) þá reyndist hagnaður ársins 2.689.907 kr. Eignir samtals eru metnar á 42.020.992 kr. Eigið fé er 20.284.524 kr og skuldir samtals 21.736.468. Samtals skuldir og eigið fé 42.020.992 kr. Gunnar vakti síðan athygli á því að veltufé frá rekstri var u.þ.b 8,4 milljónir á síðasta rekstrarári og er það ágætis árangur. Lítilsháttar tap var á veitingasölu, en hagnaður á golfbúð u.þ.b. 800 þúsund.

Eftir að hafa farið yfir reikninga félagsins þá kynnti Gunnar restraráætlun næsta árs, en þar kom fram það helsta að reiknað er með að klúbburinn verði rekinn með hagnaði upp á 369 þúsund á næsta ári.

4. Opnað var fyrir umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins. Sigurður Sigurðsson stóð upp og vildi að skýrsla mótanefndar yrði ekki svona löng á næsta ári. Bjarni Ásmundsson spurði formanninn um ummæli hans í skýrslunni varðandi framlög bæjarins til framkvæmda. Halldór svaraði því til að Akureyrarbær hafi óskað eftir því að framlög næsta árs til nýframkvæmda yrðu skorin niður um 10 milljónir, en samningurinn yrði lengdur. Einnig kom fram í máli formanns að við mættum taka 10 milljón króna lán til að framkvæmdaplan raskaðist ekki. Lílsháttar umræða varð um veitingasöluna og þar kom fram að stjórn GA lítur á veitingasöluna sem þjónustu við félagsmenn frekar en fjáröflunarleið. Síðan var skýrsla formanns og reikningar félagsins samþykktir einróma.

5. Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

6. Kosningar í stjórn. Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki. Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

Aðalstjórn: Formaður: Halldór Rafnsson eitt ár
Varaformaður: Rúnar Antonsson seinna ár
Ritari: Gunnar Vigfússon fyrra ár
Gjaldkeri: Arnar Árnason seinna ár
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson fyrra ár

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn í stjórn. 1. Varamaður Svanhvít Ragnarsdóttir seinna ár
2. Varamaður Halla Berglind Arnarsdóttir fyrra ár

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Vallarnefnd : (GSÍ)

Formaður Örn Viðar Arnarson
Eyjólfur Ívarsson
Sverrir Þorvaldsson
Magnús Ingólfsson
Kjartan Sigurðsson
Heimir Jóhannsson
Jónas Bjarnason
Jón S. Hansen

Kapleikjanefnd : (GSÍ)

Formaður Gunnar Vigfússon
Stefán Haukur Jakobsson
Tryggvi Jóhannsson

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður Tryggvi Aðalsteinsson
Stefán Jónsson
Fylkir Þór Guðmundsson

Aganefnd : (GSÍ)

Formaður Björn Axelsson
Ólafur Búi Gunnlaugsson
Aðalheiður Alfreðsdóttir

Í þessar GSÍ nefndir þarf að kjósa á aðalfundi og voru þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.

Afreksnefnd:

Formaður Rúnar Antonsson
Birgir Haraldsson
Kristján Kristjánsson

Skúli Ágústsson
Golfkennari GA

Nýliðanefnd :

Formaður

Svanhvít Ragnarsdóttir
Arinbjörn Kúld
Karl Guðmundsson
Svandís Gunnarsdóttir

Unglinganefnd :

Formaður

Halla Berglind Arnarsdóttir
Anton Ingi Þorsteinsson
Anna Einarsdóttir
Sigmundur Einar Ófeigsson
Harpa Ævarsdóttir
Karen Ingimarsdóttir
Golfkennari GA

Húsnefnd :

Formaður

Kári Guðmundsson
Ingólfur Bragason
Kári Már Jósavínsson

Arctic Open :

Formaður

Jón Birgir Guðmundsson
Guðmundur Ó. Pétursson
Hanna Dögg Maronsdóttir
Kristinn H Svanbergsson
Björn Gíslason
Framkvæmdastjóri GA

Orðunefnd:

Formaður

Rúnar Antonsson
Svanhvít Ragnarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Fjáröflunarnefnd:

Formaður

Rúnar Antonsson
Friðrik Sigþórsson
Framkvæmdastjóri GA

Öldunganefnd:

Formaður

Sunna Borg
Þórunn Anna Haraldsdóttir

Guðmundur E. Lárusson
Jóhann Jóhannsson

7. Halldór Rafnsson tók til máls og lagði hann fram tillögur stjórnar um árgjöld fyrir árið 2010 :

Karlar	kr 56.000.-
Konur	kr 56.000.-
Unglingar. 17-20 ára	kr 28.000.-
Unglingar. 15-16 ára	kr 23.000.-
Unglingar. 14 og yngri	kr 20.000.-
67. ára og eldri	kr 35.000.-

Hjónaafsláttur er 10%

Eindagi árgjalda er 1 maí 2010.

Eftir 1. maí reiknast dráttarvextir á útsenda seðla ásamt 2000.- vanskilagjaldi, sem leggst á síðasta seðil. Hægt verður að greiða með greiðslukorti og dreifa greiðslum.

Eyjólfur Ívarsson spurðist fyrir um nýliðagjald og fram kom í svari Halldórs að stjórn GA hafi undanfarin ár verið að hugsa um að afleggja nýliðagjald, en látið nú verða af því. Þó nokkur umræða var um þessa tillögu stjórnar um niðurfellingu nýliðaárgjalda og flestir þeirra viðmælenda voru á því að ekki ætti að fella niður nýliðaárgjöldin. Þórarinn B Jónsson fannst vanta einhverskonar fjölskyldugjald og kom með þá tillögu að stjórn GA athugi hvort hægt verði að skoða uppbyggingu árgjalda betur. Sigurður Sigurðsson spurði hvort ekki væri hægt að fella niður vanskilagjaldið vegna kreppu og Halla svaraði því til að ekki hefði verið gengið hart fram í því að innheimta þessi vanskilagjöld.

Tillagan um breytt árgjöld var samþykkt einróma. Einnig breytingatillaga Þórarins um að stjórn GA fengi leyfi aðalfundar að skoða uppbyggingu árgjalda betur.

8. Skoðunarmenn ársreikninga voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia og Jón Birgir Guðmundsson til vara.

Kaffihlé.

9. Önnur mál.

Rúnar Antonsson kom fram og veitti viðurkenningar GA

Kylfingur GA árið 2009 er Andrea Ásgrímsdóttir en hún varð íslandsmeistari í meistaraflokki 35+

Holumeistari GA

1. Hafþór Ingi Valgeirsson
2. Kjartan Sigurðsson
3. Leanne Carol Leggett

Fyrirmyndarkylfingur GA: Tumi Hrafn Kúld

Tumi byrjaði í golfi 2008 og sýndi strax miklar framfarir og var til fyrirmyndar utan vallar sem innan.

Kristinn Svanbergsson kom í pontu og ræddi um skaðsemi orkudrykkja. Taldi hann mjög mikilvægt að minnka neyslu unglinga, því aðgengi hefur aukist og mikil auglýsingamennska í kringum þessa orkudrykki, sem innihalda mjög mikið magn af koffein.

Þóra Leifsdóttir frá ÍBA tók til máls og þakkaði fyrir hönd ÍBA samstarfið á árinu og upplýsti að tryggt væri að inniaðstaðan við Austursíðu væri tryggð áfram þangað til að það skýrist með nýja inniaðstöðu.

Ólafur Jónsson formaður íþróttaráðs tók síðan til máls og kom fram í máli hans að bærinn hefði í tvígang þurft að lækka framlög til GA. Stjórn GA hafi skilið vel hvernig staða var hjá bænum og tekið vel í að færa til greiðslur sem hentaði bænum betur, en að endingu myndum við klára völlinn. Ólafur lýsti síðan ánægju sinni yfir góðum rekstri GA og þakkaði fyrir hve vel hafi verið staðið að golfmóti ungmennafélaganna síðastliðið sumar.

Ingvi Jón kom síðan í ræðustól og tók undir orð Kristins Svanbergssonar um orkudrykki. Ingvi spurði síðan um leigu á húsunum undir golfbíla. Einnig kom fram í máli Ingva Jóns um að hann telji völlinn ósnrýtilegann og taldi hann æskilegt yrði að taka upp fósturkefi þannig hver félagsmaður gæti tekið að sér eina braut.

Halldór svaraði Ingva Jóni um að planið undir skúrana hefði kostað 1 milljón, en ekki er víst að þessi aðstaða verði til langframa. Einnig kom fram hjá Halldóri að ekki sé óeðlilegt að þeir sem noti golfbíla borgi fyrir það vegna meiri ánýðslu á völlinn.

Ingvi Jón bað aftur um orðið og spurði um hvaða framkvæmdir væru fyrirhugaðar á vellinum næsta sumar.

Heimir Jóhannsson úr vallarnefnd svaraði því að byggðar yrðu nýjar flatir við 8 og 9 braut, stækkaðir teigar, mönin við 3 braut og klára þau verk sem byrjað var á síðastliðið sumar.

Hreiðar Gíslason spurðist fyrir um æfingasvæðið og Heimir svaraði því til að ekki sé búið að ákveða framtíðarstaðsetningu á æfingasvæði félagsins eða 9 holu vellinum.

Björn Axelsson spurðist fyrir um ráðningu á nýjum golfkennara GA. Gunnar Vigfússon svaraði því til að aðeins einn aðili hefði sótt um og það væri Ólafur Gylfason. Það kæmi hins vegar í hlut nýrrar stjórnar að hefja viðræður við hann.

Kristinn Svanbergsson lokaði síðan mælendaskrá og þakkaði fyrir líflegar umræður. Halldór Rafnsson lokaði síðan fundi og bað félagsmenn að standa saman um völlinn og gott væri að fá umræður til að fá fram hug félagsmanna.

Fundi slitið kl 22:15

Gunnar Vigfússon

